



Til allra sveitarfélaga

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 13. nóvember 2019
Tilv.: SRN19040044/4.10.11

Þann 15. mars 2019 kvað ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála upp úrskurð í máli nr. SRN17040840, á grundvelli 109. gr. sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í málinu var deilt um ákvörðun vatnsveitu á upphæð vatnsgjalds í gjaldskrá, sem tekin var á grundvelli 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004, en kærandi í málinu hélt því fram að heildarupphæð vatnsgjaldsins hafi m.a. verið byggð á sjónarmiðum um arðsemi, sem ekki væri í samræmi við nefnt ákvæði.

Í samanteknu máli kom fram í umræddum úrskurði að ekki væri að finna ákvæði í lögum um vatnsveitur sveitarfélaga sem heimila sveitarfélögum að taka út arð vegna starfsemi vatnsveitna og taldi ráðuneytið ljóst að arðsemi vatnsveitunnar sem um ræddi væri umfram fjármagnskostnað. Upphæð vatnsgjaldsins væri því miðuð við arðsemisjónarmið sem væri í andstöðu við 10. gr. nefndra laga og féllst ráðuneytið á að álagning vatnsgjaldsins í málinu væri ólögmat.

Í tilefni af umræddum úrskurði vill samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið koma á framfæri eftirfarandi atriðum. Vatnsgjald er þjónustugjald og byggist þannig á þeim almennu sjónarmiðum sem gilda um þjónustugjöld. Það felur í sér að ekki skal ákveða í gjaldskrá hærra gjald en sem nemur meðalkostnaði við það að veita þjónustuna. Fjallað er um þau atriði sem heimilt er taka mið af við ákvörðun á upphæð vatnsgjalds í 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga og þar kemur fram að miða skuli við að vatnsgjald standi undir rekstri vatnsveitu, þ.m.t.:

- Fjármagnskostnaði.
- Fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.
- Kostnaði við að standa undir þeirri skyldu veitunnar að tryggja nægilegt vatn og vatnþrýsting til slökkvistarfs.
- Kostnaði fyrir sérstakan slökkvibúnað þar sem hans er krafist.

Kallað hefur eftir að ráðuneytið veiti frekari leiðbeiningar um hvaða skilning ber að leggja í hugtakið „fjármagnskostnaður“ í umræddu ákvæði. Vísað hefur verið til þess sjónarmiðs að almennur skilningur hugtaksins sé sá að fjármagnskostnaður taki bæði til kostnaðar við lántöku vegna fjármögnunar vatnsveitna og kostnaðar af því fjármagni sem bundið er í rekstri þeirra. Vegna þessa hefur ráðuneytið tekið saman minnisblað um álitaefnið sem er meðfylgjandi bréfi þessu. Er það mat ráðuneytisins sbr. umrætt minnisblað, að hugtakið „fjármagnskostnaður“ í skilningi ákvæðisins verður ekki túlkað með svo rúmum hætti sem að ofan greinir.

Vill ráðuneytið því áréttta að sveitarfélögum er með öllu óheimilt að taka mið af arðsemiskröfu af því fjármagni sem bundið er í rekstri vatnsveitna við ákvörðun á upphæð vatnsgjalds í gjaldskrá m vatnsveitna sinna skv. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Þá er sveitarfélögum einnig óheimilt að greiða sér arð úr rekstri vatnsveitna.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið, fer ráðuneytið fram á að *gjaldskrár vatnsveitna sveitarfélagsins verði yfirfarnar* þar sem gætt verði að framangreindum sjónarmiðum. Þá fer ráðuneytið einnig fram á að vera *upplýst með stuttri samantekt* um þau atriði og gögn sem gjaldskrár vatnsveitna sveitarfélagsins er varða vatnsgjald, skv. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, eru byggðar á, sbr. 113. gr. sveitarstjórnarlaga. Ef vatnsveitur sveitarfélagsins eru reknar í samvinnu við önnur sveitarfélög er nægilegt að ein samantekt berist eftir því sem við á. Að fengnum þessum upplýsingum verður lagt mat á hvort að tilefni er til að taka umrætt málefni til formlegrar umfjöllunar sbr. 109. gr. og 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Er þess óskað að umbeðnar upplýsingar berist ráðuneytinu eigi síðar en föstudaginn 13. desember nk. Ekki er þörf á að svara bréfi þessu ef sveitarfélagið starfrækir ekki vatnsveitu.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Hjaltadóttir


Hermann Sæmundsson